



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Flokks fólksins

---

### ***Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við ofbeldi gagnvart fötluðu fólki:***

Í umræðunni upp á síðkastið hefur verið rætt um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnaráð bregðist við þessari umræðu með einhverjum sérstökum hætti og grípi til aðgerða s.s. Fræðslufundar, málþings eða annað í þeim dúr. Orð eru til alls fyrst en að mati Flokks fólksins þarf að huga að aðgerðum í þessum sambandi. Hvað getur Reykjavíkurborg gert, eða hvernig getur borgin beitt sér til að spyrna við að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi? MSS23010141